

FUNDARGERÐ

248. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, ~~25. október~~ ^{30. NOVEMBER} og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Diljá Ámundadóttir, Mörður Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Jón Ólafsson. Aron Ólafsson var forfallaður. Að auki sátu fundinn Valgeir Vilhjálmsson varaáheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri.

1. Fundargerð

Fundargerð 247. stjórnarfundar var borinn upp og var samþykkt.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í október. Afkoman í mánuðinum var 11,7 m.kr. betri en áætlað var eða 18,5 m.kr. Meginástæðan var að tekjur voru hærrí en gert var ráð fyrir, rekstrargjöld voru á áætlun en fjármagnsliðir voru yfir áætlun vegna verðbólguáhrifa. Eftir fyrstu tíu mánuði ársins sé afkoman verri en áætlað var sem nemur 46,7 m.kr. Tekjur séu meiri en áætlað, rekstrarkostnaður einnig en fjármagnsliðir séu mun hærrí en gert hafði verið ráð fyrir vegna mikillar verðbólgu.

Þá voru kynnt drög að rekstraráætlun og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2023 ásamt helstu forsendum. Gert sé ráð fyrir 5,7% hækkun á þjónustutekjum sem sé samkvæmt drögum að fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir fyrstu umræðu fjárlaga. Þá sé gert ráð fyrir lægri auglýsingatekjum á næsta ári samanborið við yfirstandandi ár. Rekstrarkostnaður eykst vegna áætlaðra launahækkana og verðbólguáhrifa. Þá sé gert ráð fyrir að fjármagnsliðir vaxi um fjórðung vegna verðbólguáhrifa. Samkvæmt þeim drögum sem kynnt voru á fundinum nást endar ekki saman og haldi því áfram vinna við áætlanagerðina þar til drögin skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Þá voru kynnt drög að fjárfestingaráætlun en hún endurspeglir þörf fyrir stafræna þróun, upplýsingaöryggi, endurnýjun á kerfum, aðgengismál og notendaviðmót. Endanleg útgáfa af rekstrar- og fjárfestingaráætlun verði lögð fram á fundi stjórnar í desember.

Stjórnarmenn ræddu LSR lánið og alvarlegar afleiðingar þess á rekstur félagsins og ákvað stjórn að taka málið formlega upp á janúarfundi stjórnar.

3. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um vel heppnaða náms- og fræðiferð RÚV til YLE. Um hafi verið að ræða kynningar á starfsemi YLE í heild og síðan ítarlegri fræðsla og kynningu fyrir smærri hópa.

Komið sé að endurskoðun á samkomulagi um aðkomu RÚV að samhæfingarstöð almannavarna, t.d. aðstaða og skilgreina hlutverk RÚV að samhæfingarstöðinni. Gert er ráð fyrir að það verði áfram með sambærilegum hætti og verið hefur.

Stefán sagði stjórn frá fyrirhuguðum aðalfundi EBU sem muni hefjast á morgun og því taki hann þátt á stjórnarfundinum í gegnum fjarfundarbúnað þar sem hann sé kominn til Genfar. Fjárhagslega málefni verði forgrunni og áhrif innrásar Rússlands í Úkraínu.

Í lokin kynnti hann hátíðardagskrá RÚV í útvarpi, sjónvarpi og í spilara.

ES AO
MNT
Jó
SAG
SAB

4. Kynning frá mannauði

Hildur Sigurðardóttir kynnti starfsemi mannauðssviðs.

5. Önnur mál

Stjórnarmaður vakti athygli á upplýsingum sem komu fram í þáttaröð um Skeggja Ásbjarnarson á Rás 1 um störf hans í Ríkisútvarpinu. Útvarpsstjóri upplýsti að þetta yrði tekið til skoðunar í tengslum við áframhaldandi dagskrárgerð um málið fyrir sjónvarp og frekari upplýsingaöflun, þar á meðal hvort málið yrði rannsakað frekar af stjórnvöldum en slíkt er til skoðunar skv. upplýsingum úr fréttum.

Útvarpsstjóri upplýsti að þetta yrði tekið til skoðunar í tengslum við áframhaldandi dagskrárgerð um málið fyrir sjónvarp og frekari upplýsingaöflun, þar á meðal hvort málið yrði rannsakað frekar af stjórnvöldum en slíkt er til skoðunar skv. upplýsingum úr fréttum.

Þá kom spurning frá stjórnarmanni hvort eignarhald framleiðslufyrirtækja í sjónvarpi sé tekið til skoðunar áður en gengið er til samninga um framleiðslu efnis. Útvarpsstjóri nefndi að hingað til hafi slíkt ekki tíðkast.

Einnig var rætt um upphæð greiðslna fyrir pistla í útvarpi og að þær hafi ekki hækkað undanfarin ár. Upplýsingar um greiðslur fyrir pistla verða teknar saman fyrir næsta fund stjórnar.

Stjórnarmaður óskaði eftir upplýsingum um stöðu á fyrirspurn frá Alþingi frá Ingu Snæland um þátttöku stjórnarmálanna í sjónvarpi Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjóri nefndi að RÚV væri búin að senda upplýsingar til ráðuneytisins og gerði ráð fyrir því að svar ráðherra myndi birtast á alþingisvefnum á næstu dögum.

Næsti fundur verði haldinn 14. desember kl. 16:15.

Fundi slitið.

Sigurður Þ. Þorsteinsson

frá Óskun

Jón Ólafsson

Þararótt Inngunnadóttir

Sed Aron Ólafsson

Silja Gunnarsdóttir

Ólafsson

Ólafsson